

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 627, 7. september 1983,  
um lágmarksbúnað loftfara, sbr. reglugerð nr. 396 9. október 1985  
um breytingu á henni.

### 1. gr.

Grein 2.1.2. orðist þannig:

Íslensk loftför, eða loftför á vegum íslenskra aðila, skulu í flugi til og frá Íslandi og fara fjær ströndu en 93 km (50 sjómílar) búin björgunarbatum er rúmi alla um borð. Sama krafa gildir fyrir flugvélar yfir 5700 kg hámarks massa, sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi með farþega. Neyðarsendir, sem getur sent á tíðni 121,5 og 243 Mhz, og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a. m. k. einn björgunarbat loftfarsins.

### 2. gr.

Grein 4.2.2. orðist þannig:

Þar sem einn flugmaður er við stjórn flugvélar í blindflugi í farþegaflutningum, skal eftirtalinn búnaður, sem uppfyllir kröfur flugmálastjórnar vera fyrir hendi:

- a) Priggja-ása sjálfstýring.
- b) Hæðarvari, þ. e. í flugvélum búnum hverfilhreyflum og með jafnþrýstibúnaði.
- c) Eitt LORAN-C viðtæki, frá og með 1. janúar 1988.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra loftafara, svo og loftfara, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis  
og nota annan orkugjafa en bensín.

### 1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir: